




Rannsóknastofnun  
fiskiðnaðarins

ÁRSSKÝRSLA

2000





*Umsjón: Björn E. Auðunsson*

*Hönnun og umbrot: Auglýsingastofan Einn, tveir og þrír*

*Prentun: Oddi*



# Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

## Yfirlit starfseminnar árið 2000

	Bls.
Efnisyfirlit	
Ávarp forstjóra	.2
Skipurit Rf	.4
Þjónustusvið	.5
Rannsóknasvið	.6
Upplýsingasvið	.12
Starfsemi útibúa	.13
Ritstörf	.15
Ný verkefni 2000	.20
Stjórn og starfsfólk	.21
English summary	.23



## Ávarp forstjóra

Íslendingar hafa tekið það sem gefið að alltaf séu til markaðir fyrir fisk og annað sjávarfang og nóg sé að veiða hann og síðan selja. En málið er flóknara en svo, mikilvægur hluti gæðanna er sú þekking og færni sem þarf til að umbreyta fiski í matvæli. Umræðan síðustu misserin um heilnæmi matvæla og fódurs, sem meðal annars kom varðandi díoxín í fiskimjöli, sýnir svo ekki verður um villst að ef neytendur og yfirvöld bera ekki traust til vörunnar er hún ekki söluhæf. Þá er sama hvað veiðist, sama hvað kvótinn er stór, afurðirnar og kvótinn verða verðlaus. Ég held að það sé ekki ofmælt að þekking og röksemdarfærsla ráðgjafa frá Rf hafi haft afgerandi áhrif á að sölubann var ekki sett á fiskimjöl í Evrópu sumarið 2000.

Þetta er gott dæmi um það að stefna Rf er að skila árangri. Rf hefur m.a. haft það að leiðarljósi undanfarin ár að byggja undir þá ímynd íslenskra afurða að hún sé tengd gæðum, hollustu og heilnæmi. Þetta sést einnig vel í þeirri breidd sem er í verkefnum Rf en þau spanna allt sviðið frá miðum til maga.

Nýtt verkefni, Auðlindabók, hófst á árinu. Markmið þess er að safna saman á einn stað öllum mikilvægustu upplýsingum sem tengjast efnasamsetningu og eðliseiginleikum sjávarfangs. Niðurstöðurnar munu veita neytendum, yfirvöldum og fiskiðnaðinum mikilvægar upplýsingar um hollustu, heilnæmi og eðliseiginleika fisks sem nýtast mjög víða, svo sem við vinnslu, merkingar og ráðgjöf tengdri neyslu. Unnið hefur verið að verkefnum sem tengjast vöktun mengunarefna í lífríki sjávar við strendur Íslands. Ekki er nóg að segja að sjávarfang sé laust við mengunarefni ef ekki er hægt að staðfesta það með tryggum gögnum. Þá hefur verið unnið að því að sýna tengsl örvera í umhverfi við mengun í afurðum og í mönnum.

Samræmt gæðamat er og verður æ mikilvægt. Þátttaka Rf í Evrópsku samstarfsverkefni hefur leitt til samræms skynmats með svokallaðri QIM-aðferð. Þessi aðferð getur t.d. leyst vanda þeirra sem versla með fisk í raf-

rænum viðskiptum þar sem menn deila oft um gæði þess fisks sem seldur er.

Rannsóknir Rf á saltfiski og rækju eru að skila mikilvægum upplýsingum og geta leitt til þess að nýting batni verulega í þessum vinnslum og þar með verðmætið.

Hæfni og færni starfsmanna Rf nýtist einnig á öðrum sviðum matvælaframleiðslu og hefur lambakjöt, kjúklingar, hrossakjöt og kartöflur verið á okkar borðum á árinu.

Þjónusta Rf við fiskiðnað í formi mælinga er enn einn af máttarstólpum starfsemi stofnunarinnar. Í þjónustumælingunum sjáum við hvernig púlsinn slær í fiskvinnslunni. Á síðasta ári tókum við á móti sýnum frá meira en 150 fyrirtækjum og eru starfsmenn Rf í daglegu sambandi við mörg þeirra. Nýjar mælingar voru teknar upp og undirbúningur hafinn á að vinna eftir nýjum gæðastaðli.

Útibú Rf eru mikilvægur hlekkur í þessari starfsemi. Það er okkar ásetningur að byggja útibúin enn frekar upp þannig að þau fái stærri hlutverk og verði virkir þátttakendur í að byggja upp þekkingu og færni í sínu umhverfi. Uppbygging útibúsins á Akureyri í samstarfi við Háskólann þar, og Matvæla- og fiskerisáttakisstofu H.A. er að skila miklum árangri. Ný og stór rannsóknarverkefni eru að fara í gang og samstarf við fyrirtæki í Eyjafirði er þegar farið að skila þeim umtalsverðum árangri.

Miðlun upplýsinga og ráðgjöf er mun stærri þáttur af starfsemi Rf en ætla mætti við fyrstu sýn. Fyrir utan hefðbundna starfsemi, svo sem að gefa út skýrslur og greinar í tímaritum, tekur Rf þátt í kennslu á háskólastigi; við Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands og Sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna. Fiskvinnsluskólinn hefur notið þjónustu Rf og er miður að sjá að starfsemi hans virðist fara minnkandi.

Starfsmenn Rf sitja í fjölmörgum ráðum og nefndum á fagsviði stofnunarinnar og nýtist þannig þekking og færni þeirra mjög víða.

Á árinu stunduðu 10 nemendur nám við Rf til

meistaragráðu og einn til doktorsgráðu. Stofnunin hefur notið samstarfsins við skólana því auðvelt hefur verið að fá til starfa fólk sem hefur stundað nám við stofnunina. Ljóst er þó að talsvert óhagræði getur stafað af þessari starfsemi og er brýnt að finna viðeigandi lausn á því.

Fjárhagslegur rekstur Rf árið 2000 var þungur og afkoma ársins var neikvæð um 20 millj. kr. Þegar árið 1999 var fyrirséð að samdráttur yrði í tekjum og var brugðist við því með fækkun starfa, minni fjárfestingum og aðhaldi í rekstri. Þessar aðgerðir náðu þó ekki að vega upp tekjutapið sem varð á árinu. Þrátt fyrir fækkun starfsmanna óx launakostnaður sem skýrist af almennum launahækkunum og að fækkun kemur seint fram í lækkuðum launakostnaði. Rekstrargjöld stóðu í stað en fjárfestingar lækkuðu. Samantekið lækkuðu heildargjöld lítillega, eða um 1%. Heildartekjur lækkuðu um 32,5 millj.kr eða 9%. Mest munar um að tímabundin hækkun á ríkisframlagi gekk til baka og lækkun varð á sértekjum. Ríkisframlagið árið 2000 var einungis um 35% af tekjum. Sértekjur ársins 2000 voru um 212 millj.kr sem er lækkun um 5% en þá höfðu sértekjur

aukist mikið árin á undan og voru t.d. 112 millj.kr árið 1995.

Fyrir utan tekjur af þjónustumælingum voru rannsóknastyrkir mest áberandi. Þannig fengust tæplega 40 millj.kr úr erlendum sjóðum og tæplega 23 úr innlendum rannsóknarsjóðum og um 12 millj.kr vegna þjónustu við háskóla og aðra starfsemi tengda skólum og námskeiðahaldi.


Það er umhugsunarefni að uppbygging rannsókna fyrir svo mikilvægan iðnað sem fiskiðnaður vissulega er skuli byggjast á áhuga og árangri einstakra starfsmanna við umsóknir í rannsóknasjóði. Slíkt getur leitt til þess að tekjuöflun verður markmið í sjálfu sér en stefnumörkuð uppbygging á hæfni og færni vísur.

Í lok ársins hófst vinna við að endurskoða stefnu og meginmarkmið Rf. Miklar breytingar hafa átt sér stað í umhverfi stofnunarinnar sem bregðast þarf við. Ljóst er að mörg krefjandi verkefni eru framundan og áframhaldandi velsæld þjóðarinnar byggir á því að sjávarfang haldi og bæti ímynd sína og samkeppnisstöðu.


*Hjörleifur Einarsson, forstjóri*

## Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins / Rekstur 1999 og 2000

	2000	1999	Breyting (%)
<b>Tekjur í þús. kr.</b>			
Sértekjur	211.747	223.965	-5
Ríkisframlag	111.900	132.200	-15
Heildartekjur	323.647	356.165	-9
<b>Gjöld í þús. kr.</b>			
Ársverk	64,5	70,0	-8
Launagjöld	223.305	213.903	4
Rekstrargjöld	107.604	107.477	0
Eignakaup	12.987	27.436	-53
Heildargjöld	343.896	348.816	-1
Afkoma ársins	-20.249	7.349	
Hlutfall af veltu	5,9	2,1	
Sértekuhlutfall (%)	65	63	4




# Skipurit Rf



## Þjónustusvið 2000

Á þjónustusviði Rf eru gerðar efna- og örveru-mælingar á ýmiskonar sjávarafurðum. Mælingar, er lúta að efnasamsetningu og mati á gæðabáttum, eru stór þáttur í starfseminni. Þá er boðið upp á ýmsar örverumælingar til að fá upplýsingar um heilnæmi matvæla og hreinlæti við framleiðslu þeirra.

Viðskiptavinir þjónustusviðs eru aðallega fiskvinnslur, bæði smáar og stórar. Þar eru rækjuvinnslur og fiskimjólsværksmiðjur með hvað mest viðskipti. Smærri fiskvinnslur koma með árleg sýni af framleiðslu sinni, vatn og ís sem notaður er við vinnsluna í samræmi við kröfur Fiskistofu.



Á árinu voru skráðar 24.700 færslur í sýna-bókhald Rf og það gefur nokkra hugmynd um fjölda verka sem unnin eru á þjónustusviði. Ársverk á sviðinu voru 25,8, þar af eru 11,4 á útibúunum.

Hefðbundin, árleg úttekt faggildingaraðila, SWEDAC og Löggildingarstofu, var gerð í ágúst en þá var 3 nýjum aðferðum bætt við þær 15 sem fyrir voru. Þær eru: magn reikulla basa í fiski og mjöli (TVN-B), óbundnar fitusýrur (FFA) og vatn í lýsi. Staðallinn EN45001 hefur verið notaður frá upphafi faggildingar en á árinu 2001 verður tekinn í notkun nýr staðall, ISO 17025. Sá staðall er

breyting á staðlinum EN45001 sem miðar m.a. að því að auka við og bæta fyrirbyggjandi aðgerðir og greiningar á hugsanlegum vandamálum, viðbrögð við þeim, val á aðferðum, sýnatöku o.fl.

Ein ný aðferð var tekin í notkun á árinu: ákvörðun á *Campylobacter*. Í kjölfar þess að þessi baktería fannst, m.a. í neyslu- og vinnsluvatni, þótti ástæða til að taka þessa aðferð upp til að hægt væri að veita viðskiptavinum alhliða, skjóta og góða þjónustu.

Á árinu var tekið í notkun nýtt tæki til fitumælinga, Soxtec Avanti, í Reykjavík og í Neskaupstað. Tækið styttr þann tíma, sem það tekur að ákvarða fitu í fiski og fódri, um ríflega helming, eða úr 8 tímum í 3 tíma, en auk þess notar tækið minna af leysum. Þetta er liður í því að auka hagræðingu og er unnið að fleiri úrbótum í þessa veru.

Í janúar 2000 tók Rf allan rekstur útibúsins í Vestmannaeyjum að sér en leigir aðstöðu og tæki af sjálfseignarfélagi RF-V sem áður rak útibúið.

Fróðlegt er að skoða hvernig undanfarin tvö ár hafa verið í þjónustumælingum á Rf. Þetta hafa verið tiltölulega stöðug ár í fiskvinnslu, s.s. í veiðum á uppsjávarfiski, en sviðið sér aðallega um að veita þeirri grein fiskvinnslu þjónustu, ásamt rækjuíðnaði.

Mælingum hefur fjölgað á öllum stöðum nema í Vestmannaeyjum. Heildaraukning er 3% milli árana 1999 og 2000 sem verður að teljast gott, sérstaklega ef haft er í huga að lítið veiddist af sumarlöðnu og erfiðlega gekk að selja fódurlýsi árið 2000.

Hlutfallsleg skipting milli þess sem unnið er í Reykjavík og þess sem mælt er á útibúunum hefur haldist nokkuð stöðug.



## Rannsóknarsvið



Hlutverk rannsóknarsviðs Rf er að stuðla að aukinni samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs, fiskvinnslu og annarra matvælafyrirtækja með rannsóknum og þróunarstarfi. Þetta hlutverk er best rækt með öflun hagnýtrar þekkingar um umhverfi, hráefni, vinnslu og afurðir matvælaíðnaðar.

Verkefni rannsóknarsviðs árið 2000 voru af margvíslegum toga. Vinna hófst við á þriðja tug nýrra verkefna, auk þess sem vinna hélt áfram við eldri verkefni. Líkt og undanfarin ár voru stærstu verkefnin fjármögnuð af ESB og norrænum sjóðum. Þá eru ýmis verkefni unnin í samstarfi við innlend matvælafyrirtæki, oft fjármögnuð að hluta með styrkjum frá RANNÍS.

Starfsemi sviðsins er skipt í þrjá verkþópa: gæði og stöðugleiki, umhverfi og heilnæmi og upplýsingatækni-, vinnslu- og mælitækni.

### Niðurstöður kynntar

Árið 2000 voru niðurstöður úr rannsóknarverkefnum einkum kynntar í skýrslum Rf (10 talsins), auk 20 svokallaðra verkefna- og

áfangaskýrslna. Einnig birtust fjölmargar greinar í vísindatímaritum, bókum og ráðstefnuritum þar sem starfsmenn sviðsins voru aðal- eða meðhöfundar. Nokkrar greinar eftir starfsfólk sviðsins birtust og í innlendum fag-tímaritum og dagblöðum. Síðast en ekki síst tóku starfsmenn Rf þátt í fjölda ráðstefna og funda, bæði innanlands og utan, þar sem þeir fluttu erindi og kynntu ýmis verkefni sem þeir vinna að.

Tíu nemendur Háskóla Íslands stunduðu meistaranám í matvæla- og sjávarútvegsfræðum á árinu undir leiðsögn sérfræðinga rannsóknarsviðs, flestir á Rf – þar af luku fjórir nemendur námi á árinu.

Hér á eftir verður fjallað stuttlega um verkþópana þrjá og greint í stuttu máli frá nokkrum verkefnum sem lokið var við árið 2000.

### Gæði og stöðugleiki

Hlutverk hópsins er að kanna þær breytingar sem verða á matvælum frá öflun hráefna til



neyslu afurða og áhrif þessara breytinga á gæði og stöðugleika matvælnanna. Evrópuverkefni eru veigamikill þáttur innan þessa hóps. Á árinu var m.a. lokið við viðamikil verkefni um tölvuvætt skynmat í fiskvinnslu en nú þegar eru nokkrir fiskmarkaðir í Hollandi og Belgíu byrjaðir að nota þá tækni, sem þróuð var í verkefninu, við gæðamat og uppboð á ferskum fiski. Einnig lauk verkefni þar sem kannaðir voru möguleikar á notkun loftskipts kerfis við geymslu á ferskum fiski í

**Verkefni #1360: Tölvuvætt skynmat í fiskvinnslu / Quality-Index-Method and Information Technology, QimIT. Verkefnisstjóri á Rf: Emilía Martinsdóttir**

Verkefnið, sem var styrkt af Evrópusambandinu (CRAFT FAIR Project CT97 9063), hófst í janúar 1998 og lauk síðla árs 2000. Verkefnið var svonefnt CRAFT-verkefni en það er sérstakt átak fyrir minni fyrirtæki sem ekki hafa rannsóknar- og þróunaraðstöðu. Íslenskir samstarfsaðilar sem tóku þátt í verkefninu voru, auk Rf, Tölvumyndir, Fiskmarkaður Sudurnesja og fyrirtækin Haraldur Böðvarsson og Hólmadrangur. Erlendir þátttakendur voru hollenska fiskrannsóknastofnunin RIVODLO, danska fiskrannsóknastofnunin DIFRES og tveir hollenskir fiskmarkaðir, Zeehaven IJmuiden og Den Helder. Meginmarkmið verkefnisins var að þróa staðlaða skynmatsaðferð til að meta ferskleika fisks, ásamt hugbúnaði til að nota við mat á ferskleika á fiski og við rannsóknir og kennslu í skynmati á fiski. Rannsóknarstofnanirnar sáu um geymsluþolsrannsóknir í því skyni að þróa einkunnaskala og skynmatsaðferðir. Afrakstur verkefnisins er hugbúnaður með skynmatsaðferðum, ásamt myndefni og leiðbeiningum fyrir tólf fisktegundir og á fjórum tungumálum. Hugbúnaðurinn, sem er gæðastaðlað skynmat með aðstoð tölvu, er nú kominn á markað undir heitinu WiseFresh. Gæðastuðulsaðferðin (QIM), sem beitt er, byggist á því

að margir gæðabættir eru metnir og einkunnir gefnar eftir mikilvægi matsþátta. Þessar einkunnir eru lagðar saman og gefa gæðastuðul sem fylgir beinni línu eftir geymslutíma fisks í ís. Gæðastuðulsaðferðin er hlutlæg, áreiðanleg, auðveld til kennslu og þjálfunar og veitir miklar upplýsingar um ferskleika fisks.

Tölvuvætt skynmat getur verið mjög öflugt stjórnæki í gæða- og framleiðslustýringu í fiskvinnslunni. Þessi tækninýjung skiptir ekki síður sköpum þegar fiskur gengur kaupum og sölum óséður á mörkuðum og víðar.

**Verkefni #1403: Loftskipt kerfi um borð í veiðiskipum / Implementation on Board of Systems of Atmospheres with Variable Composition Applied to Fresh Fish – Continuation on Shore of the Modified Atmosphere Chain**  
Verkefnisstjóri á Rf: Guðmundur Stefánsson

„Loftskipt kerfi um borð í veiðiskipum“ (FAIR CT98-3833) var samstarfsverkefni rannsóknarstofnana í fiskiðnaði og háskóla á Spáni, Íslandi, í Portúgal og Svíþjóð og var að hluta til fjármagnað af ESB. Þetta tveggja ára verkefni hófst á Rf í janúar 1999 og lauk í desember 2000. Meginmarkmið þess var að kanna möguleika á notkun loftskipts kerfis við geymslu á ferskum fiski í stórum einingum um borð í fiskiskipum, til þess að auka geymsluþol og verðmæti aflans. Hlutverk Rf var að gera tilraunir sem líktu eftir geymslu á afla um borð í skipum í meðallöngum veiðiferðum. Rf gerði fimm tilraunir sem líktu eftir geymslu afla í stuttum og meðallöngum veiðiferðum (5, 10 og 14 daga) og skipaflutningi til annarra markaða. Einnig var kannað hvort frekari vinnsla við löndun, svo sem flökun hráefnis og þökkun í loftskiptar neytendaumbúðir, væri æskilegur kostur. Tilraunir á ísuðum þorski (*Gadus morhua*) og karfa (*Sebastes marinus*) voru gerðar í einangruðum gámi (2,2 m<sup>3</sup>) sem var fylltur með gasi. Skynmat, örveru- og

efnamælingar voru gerðar til að meta gæði og ástand afurðanna. Niðurstöðurnar eru kynntar í verkefnaskýrslu (06-01) sem var gefin út í mars 2001.

## Umhverfi og heilnæmi

Hlutverk hópsins er að stunda rannsóknir og veita ráðgjöf um fyrirbyggjandi aðgerðir þannig að neytendum séu tryggð heilnæm matvæli, framleidd á þann hátt að umhverfið hljóti sem minnstan skaða af.

Markmið hópsins er að stuðla að sjálfbærri þróun í sjávarútvegi til að tryggja hámarksafrakstur lifandi auðlinda í efnahagslegu tilliti til langframa, án þess að lífríki hafnsins sé ógnað.

Á meðal þeirra verkefna sem lokið var við árið 2000 voru tvö verkefni sem fjölluðu um sjúkdómsvaldandi bakteríu, *Listeriu monocytogenes*. *Listeria* er baktería sem finnst víða í umhverfinu og hefur verið einangruð úr mörgum matvælagæðum. Þessi baktería getur fjölgað sér í kæligeymslu en er hitanæm. *Listeria monocytogenes* getur valdið sjúkdómi í fólki, listeriosis. Eftir því sem neysla hálf tilbúinna og tilbúinna rétta eykst hafa kröfur yfirvalda um meira eftirlit með *Listeriu*-mengun aukist.

Umhverfismál eru einnig stór þáttur í verkefnum hópsins og var m.a. lokið við einn áfanga af stóru mengunarvöktunarverkefni á árinu.

**Verkefni #1216: Gæði og öryggi í reyktum fiski / Spoilage and Safety of Cold-Smoked Fish**  
Verkefnisstjóri á Rf:  
Hélène L. Lauzon

Um var að ræða samstarfsverkefni nokkurra rannsóknarstofnanna í Portúgal, Danmörku, Frakklandi, Hollandi, Englandi, Írlandi og Íslandi. Þetta verkefni, sem hófst árið 1996 og lauk í febrúar 2000, var að hluta til fjármagn-

að af ESB (FAIR CT95 1207). Hlutverk Rf í því var að ákvarða tíðni og smitleiðir *Listeriu* í reyktum laxi til að hægt verði að lágmarka hættuna á smiti en einnig að finna leiðir til notkunar á náttúrulegri rotvörn til að halda *Listeriu* í skefjum og tryggja þannig geymsluþol og öryggi vörunnar. Niðurstöður sýndu að *L. monocytogenes* fannst í vinnsluhúsum eftir þrif og í vinnslu, í heilum laxi en sjaldan í lokaafurðum. Hugsanlegt er að mengun í hráefninu leiði til krossmengunar í vinnslurásinni. Ekki var hægt að rekja uppruna mengunar með fullri vissu þar sem greiningarmáttur þeirrar aðferðar, sem var notuð, var ekki nægjanlegur. Notkun náttúrulegrar rotvarnar og mjólkursýrubaktería hindraði að mestu vöxt *L. monocytogenes* í reyktum laxi.

Vegna þess að smitleiðir *Listeria* voru ekki greindar með fullri vissu í áður nefndu verkefni, var árið 1999 sett á fót annað verkefni, **Listeria gagnagrunnur (#1427)**, í umsjón Sigrúnar Guðmundsdóttur. Það var að hluta fjármagnað af Tækniþjóði RANNÍS og lauk því einnig árið 2000. Í þessu verkefni var sameindafræðileg aðferð, Pulsed-Field Gel Electrophoresis (PFGE), m.a. notuð til að greina *Listeriu monocytogenes* stofna sem voru einangraðir í fyrri verkefninu. Þegar stofnar úr vinnsluumhverfi reykt lax voru skoðaðir sást að oft var um sömu genótýpu að ræða innan ákveðins vinnsluhúss sem bendir til þess að stofnar séu viðvarandi þar og virðist ekki eyðast við þrif. Þess má geta að þróun sameindafræðilegra aðferða hefur gert það kleift að rekja uppruna mengunar í matvælum. Einnig voru stofnar af mismunandi uppruna greindir í þessu verkefni til þess að kortleggja dreifingu *Listeriu* á Íslandi og byggja upp gagnagrunn. Samstarfsaðilar í þessu verkefni voru Sjúkrahús Reykjavíkur og Hollustuvernd ríkisins. Uppbygging á slíkum gagnagrunni mun gera það auðveldara að rekja *Listeriu*-mengun í matvælum í framtíðinni.



**Verkefni #1429: Mengunarvöktun í lífríki sjávar við Ísland / Monitoring the Marine Biosphere Around Iceland**

**Verkefnisstjóri á Rf:  
Eva Yngvadóttir**

Þetta verkefni er á vegum AMSUM-hópsins sem starfar á vegum umhverfisráðuneytisins. Markmið hópsins er að uppfylla skuldbindingar Íslands vegna Óslóar- og Parísarsamningsins (OSPAR) og AMAP-verkefnisins (Arctic Monitoring Assessment Program). Í AMSUM-hópnum eru, auk Rf, fulltrúar frá Geislavörnum ríkisins, Veðurstofu Íslands, Hollustuvernd ríkisins, Hafrannsóknastofnun og umhverfisráðuneyti. Verkefnið er fjármagnað af umhverfisráðuneytinu en Hollustuvernd

ríkisins sér um úthlutun. Rf hefur umsjón með mælingum á ýmsum ólífrænum snefilefnum og klórlífrænum efnum í þorski, sandkola og kræklingi sem Hafrannsóknastofnun sér um að safna í kringum landið. Mælingar á klórlífrænum efnum fara fram á Rannsóknastofnu í lyfjafræði. Vöktun sem þessi hefur farið fram árlega síðan 1989 og er markmiðið að hægt sé að bera kennsl á breytingar sem kunna að verða á styrk snefilefna í lífríki sjávar umhverfis Ísland á ákveðnu tímabili og á milli ólíkra haf- og strandsvæða. Mæliniðurstöður koma út á skýrsluformi með vissu millibili og eru niðurstöður árána 1999 og 2000 væntanlegar seinni hluta árs 2001. Niðurstöðum er einnig skilað til gagnabanka Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES).

## Upplýsingatækni-, vinnslu- og mælitækni

Hlutverk þessa verkhóps er að stuðla að þróun og nýsköpun í sjávarútvegi og öðrum matvælaíðnaði og auka þannig verðmæti sjávarfangs og annarra matvæla. Ýmsar leiðir er hægt að fara til að ná því marki. Einfaldast er að bæta meðhöndlun og nýtingu hráefnis og koma í veg fyrir rýrnun. Önnur leið er að þróa verðmætari afurðir úr ódýru hráefni, eins og aukaafurðum og bræðslufiski. Þriðja leiðin er að stýra sem best úrvinnslu hráefna miðað við breytileika í vinnslueiginleikum og samspili þeirra við aðra efnisþætti í unnum matvælum.

Innan hópsins er unnið að þróun og uppbyggingu, bæði í fisk- og kjötiðnaði. Verkefnið hafa verið styrkt af ýmsum sjóðum og styrktaradilum. Byrjað var á nokkrum nýjum verkefnum á árinu og lokið við önnur. Má þar t.d.

nefna tvö verkefni er lúta að aukinni verðmætasköpun í saltfiskverkun með endurskipulagningu verkunarferla. Einnig var lokið við verkefni sem snýr að rækjuvinnslu.

**Verkefni #1276: Áhrif dauðastirðunar á saltfiskverkun / Effects of rigor mortis in the Processing of Salted Cod**  
Verkefnisstjóri á Rf:  
Sigurjón Arason

Þátttakendur í verkefninu, sem hófst árið 1997, voru, auk Rf, SÍF, Borgey og SVN. Það var styrkt af RANNÍS og SÍF. Tilgangurinn var að safna upplýsingum um áhrif dauðastirðunar á saltfiskverkun, tíma í forlagringu, tíma í pæklun og áhrif pækilsstyrks á gæðaflokkun og nýtingu. Áformað var að nið-



urstöður yrðu notaðar til að bæta verkunarferla við saltfisksverkun sem leitt gætu til aukinna gæða og betri nýtingar á saltfiski. Framleiðsla á saltfiski hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Venjulega hefur stór hluti af þeim fiski, sem er saltaður í landi, verið saltaður áður en fiskurinn hefur farið í gegnum dauðastirðnun og á þetta sérstaklega við um afla dagróðrabáta. Forathuganir höfðu sýnt að ástand fisksins við flatningu og söltun hafði mjög mikil áhrif á gæði og nýtingu í vinnslu. Til að fá skilning á því hvernig dauðastirðnun hefur umrædd áhrif var fiskur, sem unninn var fyrir dauðastirðnun, borinn saman við fisk unninn eftir dauðastirðnun. Einnig var skoðað hvaða áhrif mislangur tími í vatnslageringu hefur á flattan fisk sem ekki var kominn í dauðastirðnun. Áhrif pækilsstyrks og pækunartíma á verkunarnýtingu og lengd flatts fisks voru einnig rannsökuð. Verkefnið nýttist við endurskipulagningu á vinnsluferlum þar sem markmiðið var að bæta arðsemi við saltfisksverkun.

**Verkefni #1404: Eðliseiginleikar saltfisks / Natural Characteristics of Salted Cod**  
Verkefnisstjóri á Rf:  
Sigurjón Arason

Þátttakendur í þessu verkefni, sem hófst árið 1998, voru, auk Rf, SÍF og Háskóli Íslands og var það styrkt af RANNÍS og SÍF. Tilgangur þess var að skoða áhrif mismunandi pækunarferla á nýtingu og gæði saltfisks og var verkefnið tvíþætt. Annars vegar voru könnuð áhrif aukefna á nýtingu og eðliseiginleika saltfisks og hins vegar var athugað hvaða áhrif aukin stýring í pækun hefur á nýtingu og massavægi efna. Þau aukefni, sem notuð voru við rannsóknirnar, voru efnablöndurnar Pescamine 190 og Brifisol 512. Pescamine inniheldur m.a. efnið monosodium glutamat (MSG) en Brifisol er blanda fosfata. Stýring í pækun fólst í notkun á pækum sem voru mismunandi að styrk. Einnig var pækilsstyrk stýrt

með saltbót á meðan á pækun stóð. Fylgst var með breytingum í fiskinum, allt frá hráefni, í gegnum pækun, þurrköttun, pökkun og í gegnum útvötnun, allt þar til hann var tilbúinn til matreiðslu. Á meðal mælipátta voru nýting, gæði, áferð, vatnsheldni, efnainnihald (vatn, salt, prótein, pH) og afmyndun próteina sem metin var með rafdrætti og „Differential Scanning Calorimetry“ (DSC).

**Verkefni #1349: Eðliseiginleikar rækju m.t.t vinnsluferlis / Natural Characteristics of Shrimp**  
Verkefnisstjóri á Rf:  
Sigurjón Arason

Samstarfsaðili Rf í verkefninu, sem hófst árið 1997, var útgerðar fyrirtækið Samherji sem einnig var styrktaraðili þess.

Markmið verkefnins, sem var meistaraverkefni, var að meta áhrif af mismunandi útfærslum af lageringu og pækun á nýtingu og gæði rækju. Þættir, sem áhersla var lögð á að rannsaka, voru lagering, kæling og pækun. Hugtök eins og nýting, gæði, afköst og afurðarverðmæti eru mikið notuð í rækjuvinnslu og með aukinni þekkingu á lageringu, kælingu og pækun er hægt að stjórna þeim þáttum betur þannig að hráefnið nýtist sem best.

Niðurstöður verkefnisins sýna að samsetning lageringsvökvans hefur mikið að segja um hversu mikið vatn fer inn í vöðvann. Það er mikilvægt að stilla saman besta vatnsinnihaldið m.t.t. suðu og einnig þarf skelin að ná að brotna niður þannig að afköst pillunarvéla minnki ekki. Hægt er að halda tapi á vatnsleysanlegum próteinum í lageringu í lágmarki en eftir því sem lageringstíminn er lengri verður meiri útskolun. Vatnsupptökuhraðinn er breyta sem er háð tíma og hitastigi.

## Upplýsingasvið

Hlutverk upplýsingasviðs Rf er m.a. söfnun, varðveisla, úrvinnsla og dreifing upplýsinga um innlendar og erlendar rannsóknir sem tengjast matvælum. Þessum upplýsingum er komið á framfæri með ýmsu móti, s.s. með útgáfu- og kynningarstarfsemi, fræðslufundum, ráðstefnum, námskeiðum og á heimasíðu Rf. Þá sér upplýsingasviðið um samskipti við menntastofnanir. Tölvuþjónusta fyrir stofnunina í heild heyrir einnig undir upplýsingasvið. Eftirtaldir málaflokkar eru því í umsjá upplýsingasviðs:

- Kynningar- og markaðsmál
- Útgáfumál
- Námskeiðahald
- Þjónusta við menntastofnanir
- Tölvumál
- Bókasafn (sem rekið er í samvinnu við Hafnannsóknastofnun)

Unnið var að endurgerð heimasíðu Rf á árinu og lauk þeirri vinnu undir lok ársins þótt segja megji að ef heimasíða á að vera áhugaverð þá ljúki vinnu við hana aldrei. Heimasíðan fékk nýtt útlit og nýtt veffang, [www.rf.is](http://www.rf.is), sem er mun þjálla en það gamla var. Í tilefni af þessu var ákveðið að brydda upp á ýmsum nýjungum, s.s. að vera með stuttar fréttir sem tengjast matvælaíðnaði, bæði af innlendum og erlendum vettvangi, í bland við fréttatilkynningar af starfsemi Rf. Þá var og ákveðið að veita ókeypis aðgang að eldri skýrslum Rf, þ.e. þeim sem opnar eru og er nú hægt að nálgast þetta efni á heimasíðunni með því að nota Adobe Acrobat Reader.

Rf tíðindi, fréttablað Rf, kom út tvisvar sinnum á árinu, í stað þrisvar eins og oftast áður. Þar má finna helstu upplýsingar um það sem er á döfni á Rf hverju sinni.

Færri Rf-skýrslur komu út árið 2000 en árin á undan, eða 10, þar af voru 8 opnar skýrslur sem var talsverð breyting frá árinu á undan en þá voru 9 af 15 skýrslum lokaðar, þ.e. skýrslur sem hvorki eru birtar né seldar. Ein ástæðan fyrir þessu er sú að nýtt gæðakerfi vegna útgáfu var tekið upp á árinu og eru nú gerðar

strangari kröfur en áður um að Rf-skýrslur uppfylli viss fagleg og málfarsleg skilyrði til að þær fái gefnar út. Verkefnaskýrslur, sem ekki lúta jafnströngum gæðakröfum eðli málsins vegna, hafa hins vegar aldrei verið fleiri eða 16. Verkefnaskýrslur eru áfangaskýrslur er greina frá framvindu rannsóknarverkefna en fela ekki í sér endanlegar niðurstöður líkt og Rf-skýrslur.

Fjöldi námskeiða var heldur minni en árin á undan. Eins og árið á undan voru vinsælust sérsniðin námskeið um meðferð á afla um borð í fiskiskipum, bæði fullvinnsluskipum og ísfiskskipum. Þá hélt Rf, í samvinnu við Fiskistofu og Landssamband smábátæigenda, nokkur námskeið um bætta meðferð fisks og voru þau námskeið haldin að frumkvæði sjávarútvegsráðuneytisins.

Rf stóð fyrir nokkrum ráðstefnum og fundum árið 2000. Ein ráðstefna undir merkjum Evrópuverkefnisins Flair Flow Europe var haldin á árinu og var hún um örverur í kjöti og var vel sótt. Rf er þátttakandi í Flair Flow Europe hér á landi.

Rf hefur gert samning við nokkrar menntastofnanir um bóklega og verklega kennslu. Skriflegur samningur er við Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði og Háskóla Íslands, auk þess sem starfsmenn Rf kenna við Háskólann á Akureyri og fleiri skóla. Árið 2000 stóð til að samningar við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri yrðu endurskoðaðir en ekki tókst að ljúka þeirri vinnu.

Tölvumál stofnunarinnar heyrja undir upplýsingasvið og er meginhlutverk starfsmanna í því sambandi að viðhalda og endurbæta tölvukerfi Rf, þ.e. vélbúnað og hugbúnað, lagnakerfi, tengingar við útibú Rf og aðra samstarfsaðila (SRA og Keldnaholt) og við umheiminn. Tölvuþjónustan felur einnig í sér þjónustu við starfsfólk Rf varðandi tölvu- og upplýsingamál. Þarna kemur inn almenn aðstoð við notkun helstu forrita, námskeiðahald og aðstoð við úrvinnslu gagna.

## Starfsemi útibúa

### Ísafjörður

Árið 2000 var fyrsta heila starfsár útibús Rf á Ísafirði að Árnagötu 2-4 með nýjum nágrönnum. Ekki verður annað sagt en að sú sambúð hafi gengið vel og komi sér vel fyrir Rf.

Sem fyrr er starfsemi á þjónustusviði fyrirferðarmest í rekstrinum á Ísafirði. Ef reksturinn er borinn saman við árið 1999 þá varð aukning á veltu útibúsins líðlega ein milljón króna.

Starfsemi á rannsóknarsviði á Ísafirði var með líflegri móti á árinu, miðað við mörg undanfarin ár, og skýrist það af því að rannsóknarsviðsstarfsmaður var í fullu starfi. Alls var fimm rannsóknarverkefnum stjórnað vestra og að auki var unnið í verkefnum sem stjórnað var frá Reykjavík. Rannsóknarsviðsstarfsmaðurinn hefur því miður hætt störfum og er kominn í framhaldsnám.

Starfsemi upplýsinga- og ráðgjafarsviða var með svipuðu sniði og undanfarin ár, þ.e. haldin voru nokkur námskeið og eins var unnið í nokkrum ráðgjafaverkefnum.

Fjórir störfuðu í útibúinu í upphafi ársins, auk þess sem ráðinn var starfsmaður til sumarafleysinga. Í árslok 2000 voru starfsmenn Rf á Ísafirði þrír.

### Akureyri

Árið 2000 var að ýmsu leyti viðburðaríkt. Útibússtjórnaskipti fóru fram og ráðið var í hálfst stöðugildi ræstitækni, en áður hafði þessi þjónusta verið keypt af Háskólanum á Akureyri, og heilt stöðugildi rannsóknarmanns. Síðastliðið haust var gerð fyrsta úttektin á útibúinu vegna gæðavottunar stofnunarinnar, þá voru einnig stigin fyrstu skrefin að byggingu rannsóknarhúss á Akureyri sem fyrirhugað er að taka í notkun árið 2003 og ætlar Rf sér þar framtíðarsamastað.

Þjónustusvið er fyrirferðarmest í rekstrinum á Akureyri og er heldur meira að umfangi en undanfarið ár.



Starfsemi á rannsóknarsviði á Akureyri var einnig svipuð og áður, unnið var að nokkrum rannsóknarverkefnum undir stjórn norðlenskra rannsóknarmanna en að auki var unnið í verkefnum sem stjórnað var frá Reykjavík.

### Neskaupstaður

Aðalstarfsemi Rf í Neskaupstað árið 2000 var, eins og undanfarin ár, fólgin í þjónustumælingum fyrir fiskiðnaðinn á Austurlandi. Þar af eru um 90% fyrir fiskimjölsiðnaðinn á svæðinu. Á þjónustusvæði útibúsins eru 8 fiskimjölsverksmiðjur sem framleiða 60-70% af öllu fiskimjöli á landinu. Þess vegna er hlutur fiskimjölsiðnaðarins í starfsemi útibúsins svona stór.

Samanburður milli ára á fjölda aðsendra sýna leiðir í ljós nokkra aukningu. Ein ástæðan er t.d. mikil kolmunnaveiði árið 2000 þrátt fyrir mikið tap á þeim veiðum.

Einnig varð mikil aukning í þjónustu útibúsins við smærri fiskverkendur á svæðinu, s.s. við hreinlætisúttektir, örverumælingar á af-



urðum og sölu á Rodac-skálum.

Einn þjónustusamningur var gerður á árinu. Er hann við Síldarvinnsluna í Neskaupstað um hreinlætisúttekt. Um er að ræða sýnatöku á tækjum, afurðum, vatni og sjó í öllum deildum fyrirtækisins.

Á árinu 2000 hófst samstarf við Verkmenntaskóla Austurlands. Nemar á heilbrigðisbraut skólans hafa fengið aðstöðu til að vinna að nokkrum verkefnum undir handleiðslu starfsmanna útibús Rf. Eru þessi verkefni eingöngu á örverusviðinu og er stefnan að auka þetta samstarf.

Útibúið tók þátt í verkefni um vinnslu kolmunna til manndis og er það unnið í samvinnu við Síldarvinnsluna í Neskaupstað. Verkefnið hófst árið 1999 og sér ekki fyrir endann á því enn.

Starfsmenn útibúsins eru þrír í fullu starfi en að auki er húsvörður og ræstingafólk samnýtt með Verkmenntaskóla Austurlands og Náttúrustofu Austurlands.

## Vestmannaeyjar

Rf tók formlega við öllum rekstri útibúsins í Vestmannaeyjum í ársbyrjun 2000. Fram að því hafði rekstur útibúsins verið í höndum sjálfseignarstofnunar sem átti og rak útibúið í faglegri samvinnu við Rf. Þá var einnig gerður verktakasamningur við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um framkvæmd heilbrigðiseftirlits í Vestmannaeyjum og hefur það m.a. falið í sér að Rf sér heilbrigðiseftirlitinu fyrir einu stöðugildi sem reyndar skiptist á tvo starfsmenn.

Þjónusta var, eins og undanfarin ár, stærsti þátturinn í starfsemi útibús Rf í Vestmannaeyjum árið 2000. Ísfélag Vestmannaeyja hf. og Vinnlustöðin hf. og fiskimjölsverksmiðjur þeirra í Eyjum hafa löngum verið stærstu viðskiptamennirnir en auk þeirra hefur útibúið fjölda smærri viðskiptavina sem til samans vega drjúgt.

Fjöldi sýna og mælinga, sem útibúið sá um, var svipaður og undanfarin ár. Mælingar á frystum síldarflökum og loðnuhrognum voru stór þáttur í starfseminni, ásamt mælingum á hráefni og afurðum fiskimjölsverksmiðjanna tveggja. Keikó var áfram einn af dyggum viðskiptavinum útibúsins og voru bæði gerðar mælingar á sjó í Klettsvík og fiski til fóðrunar, ásamt öðrum tilfallandi mælingum.

Nýr starfsmaður hóf störf 1. janúar og vinnur fyrst og fremst á örverusviði og við heilbrigðiseftirlit. Starfsmenn útibúsins á árinu voru því fjórir og deildu með sér um þremur og hálfu stöðugildi.



## Ritstörf og erindi 2000/Publications and Lectures in 2000

### Rf skýrslur/IFL Reports

**Áslaug Högnadóttir.** 2000. Flavor Perception and Volatile Compounds in Fish. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Skýrsla 1-00, 25 s.

**Sigurjón Arason.** 2000. Löndunarvatn – Blóðvatn. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Skýrsla 2-00, 14 s.

**Soffía Vala Tryggvadóttir.** 2000. Þróun á fódri fyrir eldislúðu. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Skýrsla 3-00, 17 s.

